



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. febrúar 2026
MSS26010082

Umsögn um tillögu fulltrúa Framsóknarflokksins um aðgerðir til að bregðast við faliðun í leikskólum Reykjavíkurborgar samkvæmt skráningu í málaskrá

Á fundi borgarstjórnar, dags. 13.01.26 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins, sbr. 4. liður tillögunnar og vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.

4. Fjölgun sumarstarfsfólks vinnuskólans í leikskólum: Stöðugildum í sumarstörfum á vegum Vinnuskóla Reykjavíkurborgar í leikskólum verði fjölgað til að kynna fleiri ungmennum leikskóla sem mögulegan starfsstað til framtíðar.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, Vinnuskóla Reykjavíkur.

Umsögn:

Sumarið 2025 störfuðu 3486 nemendur í Vinnuskóla Reykjavíkur. Af þeim fjölda störfuðu 663 hjá leikskólum og frístundaheimilum. Auk þess störfuðu 587 hjá íþrótt- og æskulýðsfélögum. Samtals voru 1250 nemendur því í störfum hjá leikskólum, frístundaheimilum, íþrótt- og æskulýðsfélögum, eða 35,9%.

Stjórnendur vinnuskólans buðu öllum leikskólum og frístundaheimilum að fá til sín nemendur og settu ekki þak á þann fjölda nemenda sem hver starfsstaður tæki til sýn, heldur setti fjöldann í hendur stjórnenda leikskóla og frístundaheimila.

Sama verklag verður haft í sumarið 2026 og má því ætla að vandinn verði ekki leystur með vinnuskólanemum. Vinnuskólinn bendir þó á tækifæri í því að bjóða 17 ára ungmennum störf á leikskólum.

Þess ber að geta að nemendur vinnuskólans eru 13-16 ára börn sem þurfa mikla leiðsögn í sínum fyrstu skrefum í atvinnulífinu og því teljum við skiljanlegt að takmörk séu á því hversu marga nemendur leikskólar og frístundaheimili treysta sér til að hafa að störfum hverju sinni.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Þorvaldur Guðjónsson
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík



Hjálagt:
Fylgiskjöl: